

# Samtal lista og vísinda

● Guðbjörg Lind Jónsdóttir sýnir *Fyrirbæri* í Náttúrufræðistofu Kópavogs ● „Ég vonast til þess að sýningargestir fari í leiðangur um safnið og njóti þess á nýjan hátt,“ segir Guðbjörg um sýninguna

Þorgrímur Kári Snævarr  
thorgrimur@mbl.is

„Ég er að vinna myndlistarsýningu inn í rými safnsins með því að skoða eigin söfnunaráráttu og hvernig við búum flest til okkar eigin söfn sem eru kannski ekki svo ólík,“ segir Guðbjörg Lind Jónsdóttir listmálari um sýningu sína *Fyrirbæri* sem sett hefur verið upp í Náttúrufræðistofu Kópavogs. „Ég nálgast þetta bæði af áhuga fyrir fræðinni og enn fremur út frá sjónrænum vettvangi.“

## Söfnunarárátta mannsins

Á sýningunni sem opnuð var seint í maímánuði vinnur Guðbjörg með söfnunaráráttu mannsins og kannar hvernig hann flokkar hluti eftir ómeðvituðu kerfi lífríkisins. „Ég byggji á mínu eigin náttúrugripasafni sem ég hef sankað að mér í gegnum tíðina,“ segir hún. „Ég kem þessu þannig fyrir að fólk sé ekki allveg vissst um hvort það sé að skoða safneignina eða eitthvað sem ég hef sett þarna inn.“

## Vísindaveiðar

Guðbjörg segir að verk hennar á sýningunni kallist á við safngripina þar sem þau eru staðsett. Markmiðið sé að leiða í ljós ólíka nálgun listamannsins og vísindamannsins með þessu samtali verkanna við safngripina.

„Ég bý til innsetningu úr ýmsu sem ég hef sankað að mér, sumu sem ég hef fundið úti í náttúrunni,“ segir Guðbjörg. „Stundum hef ég til



Náttúra Guðbjörg Lind sést hér vinna að verkum fyrir sýninguna *Fyrirbæri*.

dæmis þurrkuð blóm. Síðan er ég líka með verk sem eru unnin í tengslum við það rannsóknarstarf sem unnið er í Náttúrufræðistofunni – ég kalla það vísindaveiðar.“

## Mosi á mosa ofan

Meðal verkanna í þessum vef nefnir Guðbjörg myndaseríu sem teiknuð er með olíu og blýanti á plexíglös og hengd yfir gluggana á safninu. Einnig hefur hún komið fyrir

vatnslitamyndum af einhvers konar lífrænum fyrirbærum í sýningarskápum í „vöfundarhúsi“ safnsins innan við jarðfræðiganginn „Mér finnst gaman að nota vatnsliti því þeir voru notaðir í leiðongrum náttúruvísindamanna hér áður fyrr. Í könnunarleiðongrum voru alltaf notaðir vatnslitir: Það var teiknað og vatnslitað og tekið með sér heim. Ég fór þá leið líka. Þetta eru mjög lífrænar myndir.“



Samtal List og vísindi mætast á sýningu Guðbjargar.

Verk Guðbjargar á sýningunni eru af ýmsum öðrum toga. „Þarna eru verk sem ég hef unnið í gegnum tíðina með mosa. Mosaeyjar í vesturbæ Kópavogs, kalla ég þau. Þetta er mosi sem ég skef upp af stéttum og malbiki á skuggsælum stöðum í vesturbæ Kópavogs. Ég mynda síðan landslag, eyjalandslag inni í sýningarskáp.“

Guðbjörg segir sýninguna enn geta breyst þótt hún hafi þegar verið

opnuð, „Ég býst við að sýningin komi til með að þróast því það eru enn að bætast við verk inn í skápana eftir því sem andinn kemur yfir mig.“ Sýningin *Fyrirbæri* stendur í Náttúrufræðistofu Kópavogs til og með 2. september. „Ég vonast til þess að sýningargestir fari í leiðangur um safnið og njóti þess á nýjan hátt með því að þurfa að vera með opin augun og huga til að sjá og greina,“ segir Guðbjörg.